



Alþingi

*Erindi nr. P 127/1458
komudagur 25. 3. 2002*

Reykjavík, 21. marz 2002.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Heiðraða nefnd !

Bindindissamtökunum IOGT hefur borizt til umsagnar frumvarp til áfengislaga, 126. mál, viðvörunarmerki á umbúðir og þakka samtökin fyrir það tækifæri sem þannig gefst til umsagnar.

Flutningsmenn frumvarpsins færa vönduð og sterk rök fyrir þessari lögleiðingu og leiða fram órækar sannanir fyrir þeirri miklu skaðsemi og hörmulegu afleiðingum áfengisneyzlu sem aðvörunarmerkingarnar taka til.

Öll þekkjum við hinar alvarlegu afleiðingar ölvunaraksturs og s.s. segir í greinargerð hafa rannsóknir leitt í ljós “óbyggjandi sannanir fyrir skaðsemi áfengis fyrir fóstur”. Það er því vonum seinna að hér sé á áberandi hátt varað við og tæpast verður það betur gjört en með slíkum merkingum.

Bindindissamtökin mæla eindregið með samþykkt þessa frumvarps, enda mæla öll rök með löggildingu þess.

F.h. Bindindissamtakanna IOGT

Helgi Seljan
formaður.